

Um Eignasafn 5

Eignasafn 5 er eitt fjölmargra eignasafna sem í boði er hjá Íslenskum verðbréfum.

Leið sem heimilar fjárfestingu í verðtryggðum og óverðtryggðum innlánnum, ríkisskuldabréfum og heimilt er að fjárfesta að öllu leyti í hlutabréfum og erlendum verðbréfum.

Hentar þeim sem fjárfesta til lengri tíma og eru tilbúnir að taka mikla áhættu í von um hærri ávöxtun.

Hvað er eignastýring?

Eignastýring byggir á samningi sem gerður er milli viðskiptavinar og Íslenskra verðbréfa hf.


Hlutverk Íslenskra verðbréfa er að vakta eignasafn viðskiptavinar og bregðast við breyttum aðstæðum á markaði með það að markmiði að hámarka ávöxtun eignasafnsins með tilliti til fjárfestingarstefnu.

Fjárfestingarstefna

Eignaflokkur	Lágmark	Hámark
Óverðtryggð innlán	0%	100%
Verðtryggð innlán	0%	100%
Ríkisskuldabréf	0%	100%
Innlend/erlend hlutabréf	0%	70%
Erlend skuldabréf	0%	30%

Eignasamsetning

30. nóvember 2011



Sérkjör eignastýringar

Viðskiptavinir eignastýringar njóta sérkjara við kaup í sjóðum ÍV.

Viðskiptavinir eignastýringar njóta auk þess góðra innlánskjara.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn Íslenskra verðbréfa.


Grunnupplýsingar

Viðskiptavinir geta skráð sig í áskrift í eignasöfn með mánaðarlegri innborgun.

Þóknun eignastýringar fer eftir gjaldskrá Íslenskra verðbréfa hf. hverju sinni.

Verðbreyting tímabila

30. nóvember 2011



Hvernig fjárfesti ég í Eignasafni 5?

Til að fjárfesta í Eignasafni 5 þarf viðskiptavinur að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa. Ráðgjafi aðstoðar við val á fjárfestingarstefnu sem síðar er lögð til grundvallar við gerð eignastýringarsamnings.

Viðskiptavinir eignastýringar fá yfirlit tvisvar sinnum á ári og geta hvenær sem er nálgast upplýsingar um eign sína á heimasíðu Íslenskra verðbréfa.

Skattlagning

Skattlagning þess hagnaðar sem til fellur í eignasöfnum fer eftir lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Söluhagnaður sem til fellur eftir 1. janúar 2011 ber 20% fjármagnstekjuskatt.



ÍSLENSKA VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni